

Sveitarfélagið Stykkishólmur

Kristín Þorleifsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála


Hafnargötu 3

340 Stykkishólmi

Efni: Skoðun á nýjum vegi frá Stykkishólmsvegi út í Jónsnes, Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Í samræmi við beiðni frá sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsmála hjá Sveitarfélaginu Stykkishólmi, dags. 28. maí, skoðaði undirritaður nýjan veg út í Jónsnes m.t.t. þess hvort hann lægi í gegnum votlendi og sjávarfitjar, eins og vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands benti til. Einnig var óskað eftir því að skoðað yrði hvort lega vegarins og staðsetning ræsa væri líkleg til að lágmarka neikvæð áhrif á áðurnefndar vistgerðir og lífríki þeirra.

Svæðið var heimsótt 3. júní 2024. Vegurinn hefur þegar verið lagður og var ekið eftir honum sem leið lá frá Stykkishólmsvegi suðvestan við Vogsbotn að bænum í Jónsnesi. GPS-staðsetningar voru teknar á svæðum þar sem votlendi og sjávarfitjar voru undir eða við veg (1. mynd). Sjá einnig ljósmyndir og skýringar í viðauka.



1. mynd. Lega nýs vegar frá Stykkishólmsvegi, milli Ögurvatns og Hofstaðavatns að bænum í Jónsnesi. Hofstaðavogur er sunnan Jónsness. Staðsetningar sem vísað er til í texta og viðauka eru merktar með bók- og tölustöfum. Þar sem heiti punkta byrjar á VOT er að finna votlendi. Þar sem heiti punkta byrja á SJA er að finna sjávarfitjar undir (SJA834-835) eða við veg. Náma sem vegefni var tekið úr er merkt NAM.

Niðurstöður¹

Í 1. og 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að **votlendi, sjávarfitjar og birkiskógar** eru á meðal náttúruminja sem njóta sérstakrar verndar. Fram kemur að „forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. **nema brýna nauðsyn beri til** [leturbreyting undirritaðs]. Skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar [Umhverfisstofnunar] ⁹ og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag“. Þar sem talað er um brýna nauðsyn er vísað til ríkra almannahagsmuna af viðkomandi framkvæmd.

Nýr vegur sem þegar hefur verið lagður út í Jónsnes raskar öllum þremur áður nefndum vistkerfum, þ.e.a.s. votlendi, sjávarfitjum og birkiskógum. Í þessari úttekt var ekki gerð tilraun til að meta flatarmál vistkerfanna sem raskast með vegagerðinni.

Vettvangsathugun leiddi í ljós að land á austur- og norðausturhluta svæðisins, m.a. land sem farið er undir veg, var allblautt á köflum (votlendi) og þurfti ekki að ganga út í gróðurinn til að sjá vatnsyfirborðið í sverðinum.

Á um 160 m vegkafla vestast á svæðinu liggur nýlagður vegur yfir sjávarfitjar, auk þess sem skurðir hafa verið grafnir meðfram veginum til að veita sjó frá ræsum. Sjávarfitjar eru fremur sjaldgæfar á landsvísu og hafa hátt verndargildi (<https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/sjavarfitjungsvist>). Þær eru verndaðar skv. 61. gr. náttúruverndarlaganna, auk þess að vera á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Undirritaður hefur ekki forsendur til að meta áhrif veglagningarinnar yfir sjávarfitjarnar á aðrar sjávarfitjar í nágrenni vegarins.

Á nokkrum stöðum á austanverðu svæðinu liggur vegurinn að öllum líkindum yfir birkikjarr.

Framkvæmdin hefur raskað mikilvægum vistgerðum með hátt verndargildi. Gróðurfar er óvenjulegt og sérlega ríkt á norðausturhluta þess svæðis sem vegurinn liggur um. Á það sérstaklega við um runnagróður á eða við klettaholt og votlendi á milli holtanna á austanverðu svæðinu, u.þ.b. frá punkti VOT819 til punkts VOT829. Þar eru beitaráhrif og önnur áhrif mannsins hverfandi, gróðurþekja samfelld og runnagróður með birki og fjalldrapa áberandi ásamt votlendissvæðum á milli. Svæðið er eitt af fáum á norðanverðu Snæfellsnesi sem enn hýsir gróðurlendi sem líklega eru keimlík þeim sem voru útbreidd á svæðinu við landnám en hafa horfið við ósjálfbæra landnýtingu undangenginna alda. Þéttleiki mófugla hefur ekki verið metinn á svæðinu en vistgerðir af þessu tagi hafa að jafnaði ríkulegt fuglalíf. Gróður þessa svæðis er mjög frábrugðinn því sem finnst á langstærstum hluta Þórsness, en annars staðar á Þórsnesi eru einkennandi fremur gróðurlítil klettaholt, stundum að hluta klædd mosum, fléttum og lágvöxnum æðplöntum, og gróðursnauðir melablettir. Þá hafa votlendissvæði víða verið ræst fram til beitar eða ræktunar. Af þessum sökum býr athugunarsvæðið yfir ríkulegasta náttúrulega gróðurfari á Þórsnesi norðan Hofstaðavogs og Vigrarfjarðar. Það á sérstaklega við um svæðið á milli Ögurvatns og Hofstaðavatns og norðaustur af Hofstaðavatni. Þessi gróðurheild hefur nú

¹ Í viðauka eru ljósmyndir og nánari útskýringar sem gott getur verið að hafa til hliðsjónar við lestur niðurstaðna.

verið rofin, auk þess sem hluti þessara vistgerða hefur orðið fyrir óafturkræfu raski. Þar munar mestu um nokkuð votlendi sem komið er undir veg.

Gera verður athugasemdir við vinnubrögð verktaka framkvæmdarinnar, því mjög víða hefur miklu flatarmáli votlendis, sem ekki fór undir veg, verið raskað og nær umfang skemmdanna stundum tugi metra eða meira frá sjálfum veginum. Það er utanvegaakstur, sem er ólöglegur skv. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ljóst er að hluti þessara skemmda mun án inngrips ekki jafna sig í náinni framtíð.

Síðast en ekki síst er bent á að vegurinn fer nálægt tveim arnarvarpstöðum (um 300 og 390 metra fjarlægð). Skv. 19. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum njóta arnarvarpstaðir friðhelgi og er óheimilt að koma nær þeim en 500 metra frá 15. mars til 15. ágúst nema brýna nauðsyn beri til. Annar þessara varpstaða var nýttur á síðasta áratug en vegna þess hversu styggir ernir eru, verður að telja ólíklegt að staðirnir verði nýttir aftur vegna tilkomu vegarins.

Mögulegar mótvægisáðgerðir

Óheppilegt er að fjalla um framkvæmd sem þegar hefur farið fram. Við hönnun hennar hefði verið sjálfsgætt og eðlilegt að gera þá kröfu að hlíft yrði dýrmætri náttúru fyrir óafturkræfum skemmdum með því að tengja veginn við vegi að Ögri eða Hofstöðum. Leiðin þangað liggur að miklu leyti um mela og því sem næst nakta klettaranana með mun lægra verndargildi en það svæði sem valið var að skemma, auk þess sem heildarlengd vegarins er með þessu móti miklu lengri en þörf var á.


Við rask á náttúrulegum vistgerðum með jafn hátt verndargildi og hér um ræðir er vart hjá því komist að fara fram á mótvægisáðgerðir til að vega upp á móti þeim heildaráhrifum sem framkvæmdirnar hafa. Í því samhengi má ekki gleyma að fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að óröskuð vistkerfi eru líffjölbreyttari og starfa að jafnaði betur en þau sem eru endurheimt. Því verður að gera kröfu um að endurheimt séu svæði sem eru stærri að flatarmáli en þau sem raskað var. Við val á mótvægisáðgerðum koma ýmsir möguleikar til greina og er æskilegt að nýta þá alla að talsverðu eða einhverju leyti. Hér eru nokkrar hugmyndir að vistheimt og eflingu vistkerfa, sem rétt væri að útfæra í nánú samráði við sérfræðinga á hverju sviði:

- a) *Endurheimt votlendis:* Við rask votlendis er hefð fyrir því að fara fram á endurheimt votlendis annars staðar á móti. Votlendi hýsa mikla líffræðilega fjölbreytni og eru kolefnisgeymar og -svelgir. Á meðan þau eru blaut halda þau í mikið magn lífræns efnis (kolefnis) og binda sömuleiðis smám saman meira. Æskilegt er að endurheimta votlendi á sama eða svipuðu landssvæði og votlendi var raskað. Við endurheimt votlendis er ráðlagt að hafa samráð við Land og skóg (áður Landgræðsluna) og/eða Landbúnaðarháskóla Íslands en þar starfa sérfræðingar um votlendi og endurheimt þess.
- b) *Lagfæringar í kjölfar framkvæmda:* Eins og alkunna er, þá vex íslenskur gróður hægt. Ganga þarf frá hjólförum og öðrum gróðurskemmdum utan vegstæðis, því annars er hætt á að hjólför verði sýnileg um ár eða áratugi, m.a. vegna vind- og vatnsrofs auk frostlyftingar. Til að koma í veg að framkvæmd slíkra lagfæringa geri ekki illt verra er nauðsynlegt að hafa fyrst samráð við votlendissérfræðinga Lands og skógar eða Landbúnaðarháskólans um það hvernig bera skuli sig að við þær.

- c) *Landgræðsla*: Ef frá eru taldir ásarnir á milli Ögurvatns og Hofstaðavatns og votlendis- og mólendissvæðin þar í kring, þá er landsvæðið umhverfis fremur illa farið af ósjálfbærri landnotkun (allt svæðið ætti að líkjast því sem finnst á áðurnefndu svæði). Melablettir eru allútbreiddir og almennt lítill gróður ofan á holtunum. Því er hér lagt til að ráðist verði í stöðvun á virkum uppblæstri og í framhaldi af því í uppgræðslu melanna og almenna eflingu gróðurs á svæðinu (þ.m.t. í landi Ögurs og Hofstaða). Mjög mikilvægt er að til verksins verði fyrst og fremst notaðar innlendar tegundir, og ekki nýttar framandi plöntutegundir sem flokkaðar hafa verið sem ágengar eða mögulega ágengar á Íslandi eða í nágrannalöndum okkar. Dæmi um slíkar tegundir (sem ætti ekki að nota) eru alaskalúpína, stafafura og sitkagreni. Í þessu verkefni er mjög mikilvægt að nýta þekkingu Lands og skógar af landgræðslu. Einnig mætti fá ráðgjöf frá bændum í Helgafellssveit sem náð hafa miklum árangri við uppgræðslu með ónotuðum heyrúllum, t.a.m. á Arnarstöðum og Gríshóli.
- d) *Endurheimt birkiskóga*: Stór hluti Íslands var þakinn birkiskógum og -kjarri við landnám en líklega hafa um 95% þess horfið síðan. Í Sauraskógi má (fyrir utan skógræktarsvæði með framandi plöntutegundum) finna gróðurfur sem líklega hefur einkennt allt Þórsnes um og eftir landnám og lesa má um að hluta í Eyrbyggju. Æskilegt væri að klæða fleiri slíka ása birkikjarri og er hér lagt til að farið verði fram á slíkar aðgerðir á Þórsnesi eða annars staðar í Helgafellssveit, að sjálfsögðu í samráði við landeiganda. Aðgerðin gæti einnig falist í stuðningi við sambærileg verkefni sem eru í undirbúningi eða þegar hafin annars staðar á svæðinu.
- e) *Endurheimt sjávarfitja*: Undirrituðum er ekki kunnugt um að reynt hafi verið að endurheimta sjávarfitjar. Þær teljast til votlendis skv. Ramsarsamningnum og gæti endurheimt votlendis á landi því talist sem mótvægisáðgerð vegna röskunar sjávarfitja.

Undirritaður veitir gjarnan nánari upplýsingar og svör við spurningum, verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst,



Róbert A. Stefánsson, líffræðingur
Forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands

Viðauki

Hér á eftir fylgja ljósmyndir úr vettvangsferð í Jónsnes, 3. júní 2024. Röð myndanna er frá norðaustri til suðvesturs og byrjar næst Stykkishólmsvegí og endar við bæinn í Jónsnesi.



Mynd V1. Vegurinn myndar fyrirstöðu fyrir vatnsrennsli undan halla og safnast vatnið því að einhverju leyti upp vinstra (suðaustan) megin við veginn. Þarna gæti átt við að setja lítið ræsi í gegnum veginn. Staðsetning (VOT819): N65.04360° W22.77181°.



Mynd V2. Vegurinn myndar fyrirstöðu fyrir vatnsrennsli undan halla og safnast vatnið því að einhverju leyti upp vinstra (suðaustan) megin við veginn. Þarna gæti átt við að setja lítið ræsi í gegnum veginn. Staðsetning (VOT820): N65.04259° W22.77403°.



Mynd V3. Vegurinn myndar fyrirstöðu fyrir vatnsrennsli undan halla og safnast vatnið því að einhverju leyti upp vinstra (suðaustan) megin við veginn. Þarna er þó líklega ekki þörf á að setja ræsi í gegnum veginn. Staðsetning skammt suðvestan við VOT821.



Mynd V4. Vegurinn liggur yfir votlendi á milli Hofstaðavatns (til vinstri) og Ögurvatns. Þarna gæti átt við að setja lítið ræsi í gegnum veginn. Staðsetning (VOT822): N65.03947° W22.78304°.



Mynd V5. Vegurinn liggur yfir votlendi á milli Hofstaðavatns (til hægri) og Ögurvatns. Myndin sýnir sama svæði og mynd V4 en nú er horft í norðaustur. Þarna gæti átt við að setja lítið ræsi í gegnum veginn. Staðsetning (VOT823): N65.03874° W22.78583°.



Mynd V6. Vegurinn liggur yfir votlendi á milli og Ögurvatns (til vinstri) og Hofstaðavatns (til hægri). Myndin sýnir sama svæði og myndir V4 og V5 og er tekin frá svipuðum stað og V5.



Mynd V7. Vegurinn liggur hér yfir votlendi. Staðsetning (VOT824): N65.03694° W22.78917°.



Mynd V8. Vegurinn liggur hér yfir votlendi. Miklu flatarmáli votlendisgróðurs og -jarðvegs langt út fyrir vegstæði hefur verið raskað. Staðsetning (VOT825): N65.03541° W22.79253°.



Mynd V9. Vegurinn (kantur lengst til hægri) liggur hér yfir votlendi. Miklu flatarmáli votlendisgróðurs og -jarðvegs langt út fyrir vegstæði hefur verið raskað. Myndin tekin á svipuðum stað og V8. Staðsetning (VOT825): N65.03541° W22.79253°.



Mynd V10. Vegurinn (kantur lengst til hægri) liggur hér yfir votlendi. Miklu flatarmáli votlendisgróðurs og -jarðvegs langt út fyrir vegstæði hefur verið raskað. Myndin tekin á svipuðum stað og V8 og V9. Staðsetning (VOT825): N65.03541° W22.79253°.



Mynd V11. Vegurinn (kantur lengst til hægri) liggur hér yfir votlendi. Miklu flatarmáli votlendisgróðurs og -jarðvegs langt út fyrir vegstæði hefur verið raskað. Myndin tekin á svipuðum stað og V8-V10. Staðsetning (VOT825): N65.03541° W22.79253°.



Mynd V12. Vegurinn liggur hér yfir votlendi. Meginhluti votlendisins er til vinstri en lítil rönd hægra megin, við jaðar klettaholts sem að nokkru leyti er þakið birkikjarri. Staðsetning (VOT826): N65.03411° W22.79629°.



Mynd V13. Horft í aust-norðaustur. Helgafell í fjarska vinstra megin. Sjá má stuttan kafla vegarins ofarlega til vinstri. Svo beygir vegurinn upp í holtið til vinstri en miklar skemmdir hafa orðið á votlendi sem liggur hægra megin á myndinni. Það virðist hafa verið notað til aksturs á alllögum kafla, þannig að mikið sér á því. Sjá einnig mynd V14. Myndir teknar um 20 metrum sunnan við þessa staðsetningu (VOT828): N65.03333° W22.80277°.



Mynd V14. Horft í aust-norðaustur. Helgafell í fjarska hægra megin. Sjá má umfangsmiklar skemmdir á votlendissvæði eftir akstur um það. Svæðið sem þessi mynd sýnir er rétt vestan við skemmdir sem sjá má á mynd V13.



Mynd V15. Vegurinn hefur hér verið lagður yfir votlendi. Sjá má talsverðar skemmdir á votlendisgróðri og -jarðvegi hægra megin við veginn, sem ólíklegt er að jafni sig í bráð. Staðsetning (VOT829): N65.03228° W22.80705°.



Mynd V16. Náma þaðan sem tekinn er hluti af efninu fyrir veginn. Staðsetning á vegi: N65.02911° W22.82564°.



Mynd V17. Vegur lagður á barmi gamals framræsluskurðs. Votlendi hægra megin vegar. Staðsetning á vegi: N65.02754° W22.83428°.



Mynd V18. Vegur lagður rétt ofan við en ekki yfir sjávarfitjar (dökkgrænar næst sjó). Staðsetning á vegi: N65.02808° W22.84139°.



Mynd V19. Vegur var lagður yfir sjávarfitjar á um 160 m kafla á milli staðsetninganna N65.02852° W22.85143° (SJA834) og N65.02830° W22.85476° (SJA835). Sjá einnig myndir V20-V22.



Mynd V20. Vegur var lagður yfir sjávarfitjar á um 160 m kafla á milli staðsetninganna $N65.02852^\circ$ $W22.85143^\circ$ (SJA834) og $N65.02830^\circ$ $W22.85476^\circ$ (SJA835). Sjá einnig myndir V19-V22.



Mynd V21. Vegur var lagður yfir sjávarfitjar á um 160 m kafla á milli staðsetninganna $N65.02852^\circ$ $W22.85143^\circ$ (SJA834) og $N65.02830^\circ$ $W22.85476^\circ$ (SJA835). Hér má sjá að skurður hefur verið lagður í sjávarfitjarnar til að flytja vatn frá ræsi (appelsínugult) sem þarna má sjá. Sjá einnig myndir V19-V22.



Mynd V22. Vegur var lagður yfir sjávarfitjar á um 160 m kafla á milli staðsetninganna N65.02852° W22.85143° (SJA834) og N65.02830° W22.85476° (SJA835). Sjá einnig myndir V19-V22.



Mynd V23. Vegur var lagður við jaðar sjávarfitja nærri vesturenda vegarins í kringum staðsetninguna N65.02918° W22.86125° (SJA836). Ekki er hægt að meta hvort hluti sjávarfitjanna hafi lent undir veginum á þessum stað.